

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
FÉLAG LEIKSTJÓRA Á ÍSLANDI
hins vegar
gera með sér svofellt
S A M K O M U L A G
um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

1. grein

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. október 2008 til 31. mars 2009 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. grein

Laun

Núgildandi launatafla félagsins samkvæmt grein 2.1.1 hækkar sem hér segir:

Frá 1. október 2008 hækka allar tölur mánaðarlauna dagvinnu um kr. 20.300.

3. grein

Samningur þessi gildir frá 1. október 2008 til 31. mars 2009 en fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu innan tveggja vikna frá undirritun. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 15:00 þann, 20. nóvember 2008 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 11. nóvember 2008

F.h. samninganefndar ríkisins
með fyrirvara um samþykki

F.h. Félags leikstjóra á Íslandi
með fyrirvara um samþykki félagsfundar

F.h. Þjóðleikhúss

Bókun

með samkomulagi
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Félags leikstjóra á Íslandi
undirrituðu 11. nóvember 2008

Á samningstímanum mun Þjóðleikhúsið beita sér fyrir endurskoðun á hinum ólíku formum ársráðinna og verkefnaráðinna leikstjóra við leikhúsið með það að markmiði að kjör leikstjóra séu í meira samræmi við aðra samninga Þjóðleikhússins.